

## **Aðalfundur félagsins Vinir Þjórsárvera 2016**

### **Fundargerð**

Fundurinn var haldinn laugardaginn 9. júlí í fjallmannahúsi Gnúpverja í Gljúfurleit.

Fundinn sóttu 18 manns, þar af 7 núverandi félagar og 3 nýjir félagar sem gengu í félagið á fundinum.

Sigprúður Jónsdóttir formaður félagsins setti fundinn. Hún upplýsti að ársfundi 2015 hefði verið frestað þannig að þessi fundur væri jafnframt framhald hans. Sigprúður lagði til að Björgólfur Thorsteinsson væri fundarstjóri og Tryggvi Felixson fundarritari. Var það samþykkt með lófaklappi.

### **Skýsla stjórnar**

Sigprúður flutti skýrslu stjórnar. Félagar eru um 60 og starfsemi félagsins í föstum skorðum. Stjórnin hefur ekki haldið formlegan fund á starfsárinu, en fundað með tölvusamskiptum þar sem stjórnarmenn þjuggu í þremur löndum.

Á starfstímabilinu hefur verið fjallað um lögfræðileg álitamál um stöðu Þjórsárvera eftir samþykkt Alþingis á Rammaáætlun II. í samstarfi við Landvernd og Náttúruverndarsamtökin hefur lögfræðisstofa greint stöðuna. Bæði umhverfisráðherra og verkefnisstjórn rammaáætlunar var upplýst um afstöðu félagsins til málsins, og það álit er stutt haldbærum lögfræðilegum rökum. Fara ber að samþykkt Alþingis um að mörk friðlandsins miðist við vatnasvið Efri-Þjórsár að vestan. Málið hefur ekki fengið framgang, en sem betur fer tókst að koma í veg fyrir að umhverfisráðherra setti mörkin þar sem Landsvirkjun vildi.

Stjórnin hefur verið í samskiptum við Umhverfisstofnun um merkingar á svæðinu og nú liggja fyrir tillögur að merkingum bæði í skálum á svæðinu og við mörk svæðisins. Umhverfisnefnd sveitarfélagsins á eftir að fjalla um málið. Þegar umhverfisnefndin hefur farið yfir málið ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að koma merkjunum upp.

Stjórnin hefur undirbúið stikun gönguleiða að fossunum fögru í efri hluta Þjórsár. Jafnframt verður sett upp merki við veginn inn í Tjarnarver til að vekja athygli á gönguleiðunum. Félagið fékk styrk úr Samfélagssjóði Landsbankans árið 2014 til verksins. Bæði forsætisráðuneytið, sem umsýsluaðili með þjóðlendum, og sveitarfélagið hafa samþykkt stikun gönguleiðarinnar. Væntanlega lýkur þessu verkefni á næsta ári.

Sumarganga var farin í Þjórsárver 2014 en féll niður árið 2015 vegna kulda og ófræðar. Í ár er gangan felld saman við stikunarverkefnið þessa helgi<sup>1</sup>.

Stjórnin hefur látið útbúa viðurkenningarskjöl fyrir þá sem sækja Þjórsárver heim og verða þau tekin í notkun nú í sumar (sjá viðhengi).

---

<sup>1</sup> Flestar stikur eru nú komnar á sinn stað eftir þessa ferð en merkingar þarf að bæta.

## **Ársreikningur**

Gjaldkeri lagði fram ársreikning félagsins sem félagskjörinn skoðunarmaður, Guðmundur Stefánsson, hefur yfirfarið og staðfest. Tap var á rekstrinum s.l. ár, en fjárhagur félagsins er traustur. Sjá reikninginn í viðhengi.

## **Árgjald**

Samþykkt var að halda árgjaldi óbreyttu, en leita til félaga ef eitthvað kemur upp sem krefst frekari fjárútláta en eignir ná til.

## **Lagbreytingar**

Engar tillögur um lagabreytingar hafa komið fram.

## **Skoðunarmaður reikninga**

Guðmundur Stefánsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga.

## **Stjórnarkjör**

Sitjandi stjórn var endurkjörin. Hana skipa Árni Bragason, Guðbjörg Gylfadóttir, Pálína Axelsdóttir Njarðvík, Sigprúður Jónsdóttir og Tryggvi Felixson.

## **Önnur mál**

- Samþykkt var að skrifa Umhverfisstofnun og þakka henni fyrir að fylgja eftir tillögu félagsins um merkingar.
- Ákveðið að bjóða komandi umhverfisráðherra í skoðunarferð um svæðið á árinu 2017.
- Stjórn var falið að skoða nánar hugmynd um heiðursfélaga, bæði lifandi og gengna, sem taldir eru hafa átt ríkan þátt í að koma í veg fyrir að Verunum hafi verið spillt.
- Stjórnin var hvött til að gera merki félagsins sýnilegt á einhverjum útivistarfatnaði.

## Viðauki við fundargerð

### Ársreikningur félagsins Vinir Þjósárvera

1.5.2015-30.4.2016

Rekstrarreikningur	2015-16	2014-15	2013-14
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Árgjöld	12.000	9.000	4.000
Almennir styrkir	34.158	24.000	105.500
Verkefnatengdir styrkir		500.000	99.769
Aðrar tekjur		-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>46.158</b>	<b>533.000</b>	<b>209.269</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Árgjald til Landverndar	-5.000	5.000	-5.000
Rekstrargjöld	-21.364	-20	-220.000
Fjármagnstekjuskattur	-900	674	-54
Verkefni - stikun	-67.494	29.472	
<b>Gjöld alls</b>	<b>-94.758</b>	<b>35.166</b>	<b>-225.054</b>
<b>Tekjur (halli) fyrir fjármuna og fjármagnsliði</b>	<b>-48.600</b>	<b>497.834</b>	<b>-15.785</b>
<b>Fjármunatekjur og -gjöld:</b>			
Fjármunatekjur	4.503	3.373	272
Fjármunagjöld	-		-
<b>Fjármunajöfnuður</b>	<b>4.503</b>		<b>272</b>
<b>Tekjur (halli) ársins</b>	<b>-44.097</b>	<b>501.207</b>	<b>-15.513</b>
<b>Efnahagsreikningur pr. 30.04.2015</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir			-
Langtíma kröfur			

<b>Veltufjármunir</b>			-
Handbært fé	457.679	501.776	569
<b>Eignir alls</b>	<b>457.679</b>	<b>501.776</b>	<b>569</b>
Skuldir og eigið fé			
Skuldir	-	0	-
<b>Eigið fé</b>	<b>457.679</b>	<b>501.776</b>	<b>569</b>

04.07.2016. Hefi skoðað reikning þennan og farið yfir þau gögn sem honum fylgdu. Geri engar athugasemdir við reikninginn.

Guðm. Stefánsson, félagskjörinn skoðunarmaður.



Það staðfestist hér með að

hefur sótt Þjòrsárver heim, dreymt undir Arnarfelli hinu mikla og séð  
dýrð landsins af tíndi þess og komist í snertingu við hjarta þess.

*Félagið Vinir Þjòrsárvera*

Skirteini nr. \_\_\_\_\_

Útgáfudagur \_\_\_\_\_

